

## DAGSKRÁ

### Reykjalundur endurhæfing ehf.

#### 48. fundur stjórnar 12. mars 2024 kl. 8:15-9:45 í Grímansfelli.

Boðaðir eru; Anna Stefánsdóttir, Gunnar Ármannsson, Aldís Stefánsdóttir, Arna Harðardóttir, varamaður og Pétur Magnússon, forstjóri. Arna boðaði forföll.

Fundarritari er Pétur Magnússon.

### Dagskrá

1. Skipuritsbreytingar og staða mála.
  - Forstjóri kynnir stöðu mála varðandi uppfærslu á skipuriti Reykjalundar endurhæfingar ehf. sem tók gildi 1. mars s.l.
2. Skýrsla um helstu atriði í starfseminni.
  - Forstjóri kynnir helstu atriði í starfseminni frá síðast fundi stjórnar. Meðal annars var rætt um ráðstefnu Reykjalundar 4. mars, aðalfund Hollvinasamtakanna 9. mars og fyrirhugaða árs hátíð 16. mars.
3. Samstarf við eiganda.
  - Samskipti SÍBS og SÍ. Farið var yfir samskipti SÍBS við Sjúkratryggingar Íslands um að Reykjalundur endurhæfing ehf. taki við sem Reykja sammings Reykjalundar um þverfaglega endurhæfingu frá og með 1. apríl n.k. og á sama tími verði „gamla Reykjalundi“ slitið.
  - Erindi frá SÍBS um endurmat eigna Reykjalundar endurhæfingar ehf. Rætt var um matskýrslu á eignum Reykjalundar endurhæfingar ehf. í núverandi reikningum sem Endurskoðun og ráðgjöf útbjuggu við stofnun Reykjalundar endurhæfingar ehf. árið 2020 og möguleika á að fá óháða úttekt nú frá aðila eins og KPMG.

*Bókun: Stjórn Reykjalundar endurhæfingar ehf. (RLE ehf.) lýsir yfir að æskilegt hefði verið, vegna hagsmuna RLE ehf., að stjórnin hefði verið höfð með í ráðum þegar ákveðið var að slíta gamla Reykjalundarfélaginu og lokgum þess.*

4. Staða húsnæðismála.

Forstjóri fór yfir helstu mál:

- Þann 29. febrúar s.l. fundaði forstjóri ásamt framkvæmdastjóra SÍBS með nýstofnuðum starfshópi heilbrigðisráðuneytis um húsnæðismál endurhæfingarstofnana. Fundurinn tókst vel og þar voru mál Reykjalundar kynnt ásamt góðum umræðum.

- Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu eiga einn fulltrúa í áðurnefndum starfshópi og er það framkvæmdastjóri samtakanna. Samtökin hafa stofnað ráðgjafahóp endurhæfingarstofnna fyrir framkvæmdastjóra varðandi vinnu starfshópsins og eru bæði forstjóri Reykjalundar og framkvæmdastjóri SÍBS í þeim ráðgjafahópi.
- Framkvæmdastjórn hefur ákveðið að fara í formlegt samstarf við verkfræðistofuna Verksýn um að Verksýn aðstoði við skipulagningu, framkvæmd og annan undirbúning varðandi færanlega skrifstofuaðstöðu á lóð Reykjalundar.

5. Önnur mál.

- Breyting á dagsetningu næsta fundar. Samþykkt að fundurinn veður 16. apríl (í stað 9. apríl eins og áður hafði verið boðað).

Anna Hefvís  
AAR skilvæð.  
Anna Hefvís